

Reykjavík, mars 2025

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík
v/tilnefninga til stjórnar Ísavia

Samkvæmt 4. mgr. 44. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál tilnefnir ráðherra „í stjórnir félaga sem ríkið á eignarhlut í á grundvelli hæfni og menntunar eða reynslu.“ Skulu viðeigandi kröfur byggja á reglum sem ráðherra setur um „almenn og hlutlæg skilyrði fyrir vali til setu í slíkum stjórnnum og birtir opinberlega sem hluta af eigandastefnu.“

Ráðherra óskar hverju sinni formlega eftir tilnefningum valnefndar um stjórnarmenn fyrir stjórnarkjör í hlutaðeigandi stjórnnum. Ráðherra hefur í samræmi við lög sett valnefndinni starfsreglur til að styðjast við í mati sínu á hæfni, menntun og reynslu einstaklinga sem til greina koma til setu í stjórnnum fyrirtækja í eigu ríkisins.

Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal valnefnd í hvert sinn leggja til við ráðherra tvo einstaklinga fyrir hvert stjórnarsæti.

Valnefnd almennra fyrirtækja í eigu ríkisins skipa Ólafía B. Rafnsdóttir, Þórir Skarphéðinsson og Sverrir Briem, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Í mars 2025 óskaði ráðherra eftir tilnefningum valnefndar á stjórnarmönnum fyrir aðalfund Ísavia.

Aðferðafræði valnefndar

Í samræmi við ofangreinda beiðni hefur valnefndin metið einstaklinga sem sýnt hafa áhuga á að sitja í stjórnnum fyrir hönd ríkisins. Samkvæmt reglum um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins skal leitast við að tryggja að þeir einstaklingar sem skipa stjórnir félaga í eigu ríkisins hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að auka getu stjórnar til að tryggja að skipulag og starfsemi félagsins sé í sem bestu horfi.

Í skipunarbréfi valnefndar segir: "Valnefnd er sjálfstæð í sínum störfum, enda er markmiðið með fyrirkomulaginu að val á einstaklingum sem til greina koma í stjórnir byggji á faglegum og vönduðum grunni. Valnefnd skal í vinnu sinni eftir því sem við á hagnýta skrár ráðuneytisins til að meta hæfni einstaklinga sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórnnum og hafa samráð við ráðuneytið telji hún ástæðu til að auglýsa sérstaklega eftir hæfum einstaklingum. Valnefnd er þá jafnframt heimilt að leita eftir einstaklingum að eigin frumkvæði."

Lagðar voru til grundvallar þrjár lykilheimildir frá fjármála- og efnahagsráðuneyti:

- Almenn eigendastefna ríkisins fyrir félög í eigu ríkisins (september 2021)
- Reglur um val og hæfniskröfur stjórna félaga í eigu ríkisins (14. febrúar 2025)
- Auglýsing fjármála- og efnahagsráðuneytis um nýtt verklag við val í stjórnir ríkisfyrirtækja (14. febrúar 2025)

Á grundvelli þessara heimilda var helst litið til eftirfarandi atriða við mat á hæfni einstaklinga og við undirbúning tillagna um einstaklinga til stjórnarsetu í Isavia:

- Yfirgripsmikil reynsla af rekstri
- Þekking á íslensku atvinnulífi
- Reynsla af stjórnarsetu, stjórnun og góðum stjórnarháttum
- Þekking á starfsumhverfi viðkomandi fyrirtækis
- Reynsla af stefnumótun
- Reynsla af og þekking á fjármálum, mannauðsmálum og sjálfbærni
- Leiðtogahæfni
- Traust og gott orðspor

Stjórnarmenn skulu jafnframt vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði skal höfð hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti. Þá skal þess jafnframt gætt að ekki sé hætta á hagsmunaárekstrum vegna annarra starfa stjórnarmanna, en þar skal sérstaklega litið til tengsla við önnur félög sem starfa í sama samkeppnisumhverfi. Hvorki starfsmenn félags né kjörnir fulltrúar á Alþingi eða í sveitarstjórnnum skulu tilnefndir fyrir hönd ríkisins til setu í stjórn félags í eigu þess.

Út frá fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum lagði nefndin mat á það að hve miklu leyti þeir einstaklingar sem lýstu yfir áhuga á stjórnarsetu byggju yfir þeirri hæfni sem lýst er hér að ofan. Þá var sérstaklega hugað að því að stjórnin og þeir einstaklingar sem í henni sitja hefðu sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu til að stuðla að því að skipulag og starfsemi Isavia sé í sem bestu horfi.

Æskilegt er að við mat á samsetningu stjórnar sé litið til þess að innan hennar sé hæfileg breidd hvað varðar m.a. menntun, faglegan bakgrunn, kyn, þekkingu og reynslu. Leitast skal við að tryggja sem jöfnust kynjahlutföll innan stjórnar.

Tilnefningar valnefndar

Eftir heildstætt mat og samanburð á hæfni þeirra einstaklinga sem gáfu kost á sér eru tilnefningar valnefndar til stjórnarsetu í Isavia eftirfarandi í stafrófsröð:

- | | |
|-----------------------------|----------------------------|
| • Bjarni Herrera | • Marta Jónsdóttir |
| • Björn Ingi Knúttsson | • Ómar Svavarsson |
| • Gréta María Grétarsdóttir | • Salóme Guðmundsdóttir |
| • Hera Grímsdóttir | • Sigrún Dóra Sævinsdóttir |
| • Jens Þórðarson | • Steinþór Pálsson |

Nánari upplýsingar um hvern og einn tilnefndan stjórnarmann má finna í viðauka.

Virðingarfyllst,

valnefnd ríkisins,

Sverrir Briem, formaður

Ólafía B. Rafnsdóttir

Þórir Skarphéðinsson

Viðauki



Bjarni Herrera

Bjarni býr í Noregi og starfar sjálfstætt sem ráðgjafi með áherslu á sjálfbærnimál. Árið 2017 stofnaði hann fyrirtækið Circular Solutions sem sérhæfði sig í ráðgjöf í sjálfbærni. Hann seldi fyrirtækið til KPMG árið 2021 og starfaði þar sem ráðgjafi fram til ársins 2022 þangað til hann fór aftur í sjálfstæða ráðgjöf. Bjarni var ritari stjórnar Arion banka frá 2010-2014. Hann er með BS gráðu í fjármálum frá Bifröst og MBA frá Asian Institute of Management.



Björn Ingi Knútsson

Björn Ingi er í dag eigandi Vínskólans við vatnið. Hann var áður yfirverkefnastjóri við Austurbrú, 2020-2021, verkefnastjóri hjá Keili flugakademíu og verkefnastjóri hjá DB Schenker, 2016-2018. Hann var framkvæmdastjóri flugrekstrarsviðs Wow Air frá 2011-2015 og framkvæmdastjóri hjá Saltkaupum 2008-2010. Björn Ingi er með Skipstjórnarréttindi og Postgraduate Diploma frá Wales, Cardiff.



Gréta María Grétarsdóttir

Gréta starfar í dag sem forstjóri Prís en þar hefur hún verið frá árinu 2023. Hún var forstjóri Arctic Adventures frá 2021 til 2023. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri nýsköpunar, samfélagsábyrgðar og fjárfestingatengsla hjá Brim frá feb 2021-nóv 2021. Gréta var framkvæmdastjóri Krónunnar frá 2018-2020, þar áður var hún forstöðumaður hagdeildar hjá Arion banka. Gréta er með B.Sc í vélaverkfræði frá HÍ, auk þess að vera með M.Sc í iðnverkfræði frá sama skóla.



Hera Grímsdóttir

Hera er framkvæmdastýra rannsókna og nýsköpunar hjá Orkuveitunni er þar hún hóf störf árið 2022. Á árunum 2018-2022 var hún forseti iðn- og tæknifræðideildar Háskólans í Reykjavík. Þar áður starfaði hún m.a. sem sviðstjóri byggingarsviðs Háskólans í Reykjavík, ráðgjafi hjá sprotafyrirtækinu IceMedico og verkefnastjóri hjá Össuri. Hera er með BSC gráðu í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands, MSC í verkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og MBA frá Háskóla Íslands.



Jens Þórðarson

Jens er starfandi forstjóri Geo Salmo frá árinu 2022. Geo Salmo er fyrirtæki í laxeldi með framleiðslugetu allt að 24.000 tonn á ári. Jens var forstöðumaður tæknisviðs Icelandair frá 2006-2011 og framkvæmdastjóri tæknisviðs félagsins frá 2011-2017. Frá 2017-2021 var hann framkvæmdastjóri rekstrar hjá Icelandair Group. Jens er með meistaragráðu í iðnaðarverkfræði frá HÍ og með B.Sc. í véla- og iðnverkfræði frá sama skóla.

**Marta Jónsdóttir**

Marta situr í stjórn Isavia. Marta hefur frá árinu 2021 starfað við lögfræði og fasteignaráðgjöf hjá Sunnu fasteignasölu ehf. Á árunum 2020-2021 gegndi hún stöðu framkvæmdastjóra Alþjóðlegra bifreiðatrygginga. Þar áður starfaði hún sem fulltrúi hjá Lögmönnum Reykjanesbæ. Á árunum 2016-2019 starfaði hún sem framkvæmdastjóri Kadeco/Þróunarfélag Keflavíkurvallar. Þar áður starfaði hún fyrir Innanríkisráðuneytið og Samgöngustofu. Marta hefur auk þess setið í fjölda stjórna og ráða. Marta er með ML í lögfræði frá Háskólanum á Bifröst og B.Sc. í viðskiptalögfræði á Bifröst.

**Ómar Svavarsson**

Ómar lét af störfum á síðasta ári sem forstjóri Securitas en þar hafði hann verið frá árinu 2017. Frá 2015-2017 var hann framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar hjá Sjóvá. Hann var áður forstjóri Vodafone á árunum 2009- 2014. Ómar er viðskiptafræðingur Cand Oecon frá Háskóla Íslands.

**Salóme Guðmundsdóttir**

Salóme starfaði áður sem forstöðumaður í viðskiptaþróun hjá PayAnalytics. Hún hefur frá árinu 2021 einnig starfað sem stjórnarmaður og ráðgjafi hjá Eyri Venture Management og leiðbeinandi við MBA nám Háskólans í Reykjavík. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri Icelandic Startups árin 2014 til 2021. Þar áður var hún forstöðumaður Opna háskólans í HR. Salóme er með BSc próf í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og lauk AMP stjórnendánámi við IESE í Barcelona árið 2019.

**Sigrún Dóra Sævinsdóttir**

Sigrún var framkvæmda-/viðskiptastjóri hjá Wisefish ehf. á árunum 2023 – 2024. Sigrún átti sæti í ráðgefandi stjórn hjá Gagarín ehf. frá 2021-2023 en starfaði þar áður hjá LS Retail ehf. sem framkvæmdastjóri og hjá Marorku sem viðskiptaþróunarstjóri. Sigrún hefur undanfarin ár m.a. setið í stjórnnum Sweeply, Wise Lausnum og AGR Dynamics. Hún er með M.Sc. í tölvunarfræði frá Háskóla Íslands og diplóma í fyrirtækjalögfræði frá Háskólanum á Bifröst.

**Steinþór Pálsson**

Steinþór hefur frá 2022 aðstoðað fjármála- og efnahagsráðuneytið við uppgjör og slit á ÍL-sjóði ásamt fleiri verkefnum. Á árunum 2018 – 2022 var hann meðeigandi á ráðgjafasviði KPMG. Steinþór gegndi stöðu bankastjóra Landsbankans frá 2010-2016 og var framkvæmdastjóri nokkurra sviða hjá Actavis Group hf. frá 2002 – 2010. Þar áður starfaði hann m.a. hjá Urði Verðandi Skuld, Íslandsbanka og Verslunarbanka Íslands. Steinþór hefur setið í stjórnnum ýmissa íslenskra og erlendra félaga og samtaka. Steinþór er viðskiptafræðingur frá HÍ og með MBA frá Edinborg.
